



Vigtun og skráning sjávarafla
- um hlutverk, skyldur og ábyrgð
hafna og hafnarstarfsmanna

Greinargerð unnin fyrir
stjórn Hafnasambands Íslands
12. september 2007

ATA

Efnisyfirlit

1	Aðdragandi og aðkoma Hafnasambands Íslands	2
2	Laga- og reglugerðarumhverfi	3
3	Nánar um lagastoðina	4
3.1	Lög um stjórn fiskveiða nr. 38/1990 – nú lög nr. 116/2006	4
3.1.1	Markmið og efnisatriði	4
3.1.2	Framkvæmd og eftirlit	4
3.1.3	Viðurlög og önnur ákvæði	5
3.2	Lög um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996	6
3.2.1	Aðdragandi	6
3.2.2	Markmið og efnisatriði	7
3.2.3	Kaflinn um veiðar	7
3.2.4	Kaflinn um vigtun sjávarafla	7
3.2.5	Framkvæmd, viðurlög og gildistaka	7
3.3	Lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands nr. 151/1996	8
3.3.1	Efnisatriði laganna	8
4	Vigtun sjávarafla	9
4.1	Megninreglan um vigtun á hafnarvog	9
4.2	Vigtun annarra	9
4.2.1	Nánar um endurvigtunarleyfi	10
4.2.2	Nánar um heimavigtunarleyfi	10
4.2.3	Heimild til vigtunar eftir slægingu í landi	11
4.2.4	Vigtun á fiskmarkaði	11
4.2.5	Vigtun sjálfstæðra aðila	11
5	Hlutverk, skyldur og ábyrgð hafna og hafnarvigtarmanna	13
5.1	Hlutverk og skyldur hafna	13
5.2	Löggilding og hæfisreglur vigtarmanna	13
5.3	Hlutverk og starfsskyldur vigtarmanna	15
5.3.1	Skráning, vigtarnótur og upplýsingagjöf til Fiskistofu	15
5.3.2	Skylda til að skoða, sannreyna og tilkynna til Fiskistofu	16
5.3.3	Heimildir, m.a. til aðgangs vegna eftirlits	17
5.4	Skyldur annarra – samspil við hlutverk og skyldur hafnarstarfsmanna	17
5.4.1	Skipstjóri fiskiskips	17
5.4.2	Ökumaður flutningstækis	17
5.4.3	Flutningafyrirtæki	18
5.4.4	Kaupandi afla	18
5.4.5	Vefur Fiskistofu	18
5.5	Ábyrgð vigtarmanna og hafnarsjóða, viðurlög	18
5.6	Umsagnir, eftirlit og ábyrgð á vigtun annarra	19

1 Aðdragandi og aðkoma Hafnasambands Íslands

Stjórn Hafnasambands Íslands ákvað á fundi sínum þann 10. ágúst sl. að láta vinna greinargerð um hlutverk og skyldur hafna og hafnarstarfsmanna við vigtun og skráningu sjávarafla.

Tilfni þessarar ákvörðunar var umræða sem þá hafði farið fram í stjórn Hafnasambandsins og á vettvangi hafna um hlutverk, skyldur og ábyrgð hafna við vigtun og skráningu sjávarafla, m.a. umræða um nýja reglugerð um vigtun og skráningu sjávarafla nr. 224/2006, sem tók gildi 1. september 2007. Einnig viðræður við sjávarútvegsráðherra og Fiskistofu um efni reglugerðarinnar og stöðu hafna. Ályktanir á undangengnum Hafnasambandsþingum voru jafnframt tilefni umræðu og ákvörðunar stjórnar, m.a. ályktun um að stjórnin beiti sér fyrir einföldun reglna um vigtun (2006) og ályktanir um sanngjarnt endurgjald til handa höfnum fyrir vinnu þeirra við vigtun og skráningu afla og fyrir þátt þeirra í framkvæmd á fiskveiðistjórnunarkerfi stjórnvalda (2002 og síðar).

Ætlun stjórnar Hafnasambandsins er að hafa greinargerðina til hliðsjónar við ákvörðun um hvort óska eigi eftir breytingum, og þá hverjum, á lögum og reglum sem mæla fyrir um hlutverk, ábyrgð og skyldur hafna og hafnarstarfsmanna við vigtun og skráningu sjávarafla.

Undirritaðri var falið að vinna þessa greinargerð.

Í greinargerðinni er skoðað hvaða lög og reglur mæla fyrir um hlutverk og skyldur hafna í þessum efnum, upp úr hvaða umhverfi þau ákvæði spretta og eftir atvikum greind þróun þeirra. Er m.a. horft til ákvæða um:

- hlutverk hafna við vigtun og skráningu
- skyldur hafna og hafnarstarfsmanna, vegna eigin vigtunar og annarra, m.a. við eftirlit með vigtun
 - er munur á skyldum og heimildum?
- ábyrgð hafna og hafnarstarfsmanna á vigtun, skráningu og eftirliti með
 - eigin vigtun
 - vigtunarleyfishöfum

Í lok hvers kafla er að finna samantekt á efninu þar sem helstu efnisatriðum er stillt upp „í hnotskurrí“.

Grundarfirði, 12. september 2007,

Björg Ágústsdóttir, lögfr., Alta ehf.



2 Laga- og reglugerðarumhverfi

Um vigtun og skráningu sjávarafla gildir reglugerð nr. 224/2006 (hér eftir oft vísað til sem vigtarreglugerðarinnar). Reglugerðin öðlaðist gildi 1. september 2007, en gildistöku hafi þá verið frestað í tvígang. Reglugerðin leysti af hólmi eldri reglugerð um vigtun sjávarafla nr. 522/1998. Sú reglugerð kom á sínum tíma í stað eldri reglugerðar um sama efni nr. 618/1994 og 2ja auglýsinga er lutu að útreikningi afla, nr. 528/1991 og 68/1994.

Vigtarreglugerðin 1994 var sett með stoð í lögum um stjórn fiskveiða nr. 38/1990, en hinar, reglugerðin frá 1998 og núgildandi reglugerð, eru settar með heimild í eftirfarandi lögum:

- Lög um stjórn fiskveiða nr. 38/1990 (nú lög nr. 116/2006)
- Lög um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996
- Lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands nr. 151/1996

Hér verður aðallega gerð grein fyrir efnisþáttum nýjustu reglugerðarinnar og þeirra laga sem hún byggir á, að því leyti sem snýr að höfnum, hlutverki þeirra, skyldum og ábyrgð við vigtun og skráningu sjávarafla. Þó verður efni hennar borið saman við eldri vigtarreglugerðir eftir því sem ástæða þykir til.

Nokkrar heimildir, setning í tímaröð:

Hafnalög nr. 69/1984

Lög um stjórn fiskveiða nr. 38/1990*

Reglugerð um vigtun sjávarafla nr. 618/1994 + 2 auglýsingar

Hafnalög nr. 23/1994

Lög um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996*

Lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands nr. 151/1996*

Reglugerð um vigtun sjávarafla nr. 522/1998

Hafnalög nr. 61/2003 – lyklatríði: samkeppni hafna, minni ríkisafskipti

Reglugerð um vigtun og skráningu sjávarafla nr. 224/2006, frestað 2006 og 2007, gildistaka 1. september 2007

Lög um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn nr. 91/2006

Lög um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 – endurútgöfin eldri lög með áorðnum breytingum

Reglur um almennt og sérstakt hæfi löggiltra vigtarmanna nr. 650/2007

** lagastoðir núgildandi vigtarreglugerðar (rglg. um vigtun og skráningu sjávarafla nr. 224/2006)*

3 Nánar um lagastoðina

Rétt er að skoða sérstaklega þau þrenn lög sem eru lagastoðir reglugerðarinnar um vigtun og skráningu sjávarafla frá 2006 og gera grein fyrir þeim. Er það aðallega gert til að gefa innsýn í það umhverfi sem reglur um vigtun og skráningu sjávarafla eru sprottnar úr. Efnislega munu ákvæði laganna þó koma til umfjöllunar síðar, sérstaklega þau sem lúta að vigtun og skráningu í samhengi við umfjöllun um vigtarreglugerðina og efni hennar.

3.1 Lög um stjórn fiskveiða nr. 38/1990 – nú lög nr. 116/2006

Fá íslensk lög hafa verið jafn mikið rædd og efni þeirra orðið tilefni jafn skiptra skoðana, eins og lögin um stjórn fiskveiða. Ekki er ástæða til að fjalla um þau hér á ítarlegan hátt, enda eru þau ekki meginstöð vigtarreglugerðarinnar (lengur) eða þess hluta hennar sem hér er aðallega til skoðunar. Þó er rétt að tæpa á nokkrum atriðum varðandi lögin, auk þess sem þau verða nefnd til sögunnar síðar eftir því sem ástæða verður til. Rétt er einnig að geta þess að lögin frá 1990, með sínum fjölmörgu áorðnu breytingum, voru felld saman í ný lög sem fengu númerið 116/2006, og tóku gildi 17. ágúst 2006. Vigtarreglugerðin hefur að sjálfsgöðu áfram stoð í lögunum um stjórn fiskveiða, en nú með breyttu númeri.

3.1.1 Markmið og efnisatriði

Fyrsta grein laganna er sennilega jafnframt sú þekktasta, en hún hljóðar svo:

Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

Í 3. gr. segir að sjávarútvegsráðherra skuli, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunar, ákveða með reglugerð þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili úr þeim nytjastofnum við Ísland sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á. Heimildir til veiða samkvæmt lögunum miðast við það magn.

Annar kafli laganna geymir meginefni þeirra og ber hann yfirskriftina veiðileyfi og aflamark. Þar er mælt fyrir um leyfi til veiða í atvinnuskyni, sem er skilyrði fyrir úthlutun veiðiheimilda. Þar er að finna ákvæði um útreikninga heildarafla, um aflahlutdeild og aflamark og framsal aflaheimilda.

3.1.2 Framkvæmd og eftirlit

Þriðji kafli laganna fjallar um framkvæmd þeirra og eftirlit. Með setningu laga um umgengni um nytjastofna sjávar var felld úr gildi 16. gr. laganna um stjórn fiskveiða frá 1990. Að hluta til fóru efnisatriði greinarinnar inn í nýrri lögin, m.a. ákvæði um að afli skyldi ávallt veginn á löndunarstað (fór inn í 6. gr.) og um samráð sjávarútvegsráðuneytis við samgönguráðuneyti og Hafnasamband sveitarfélaga um setningu reglugerðar um hvernig afli skuli veginn og upplýsingum safnað um landað aflamagn (fór inn í 8. gr.).

Í 1. mgr. 16. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 38/1990 var þó að finna þetta ákvæði sem ekki var tekið inn í lögin 1996:

Hafnaryfirvöld á hverjum löndunarstað skulu hafa yfirumsjón með vigtun afla og söfnun upplýsinga um landaðan afla.

Fjöldmörg ákvæði laganna um umgengni um nytjastofna sjávar kveða á um þetta, þó með öðrum hætti sé. Í 56. gr. núgildandi vigtarreglugerðar er enn fremur að finna ákvæði þannig orðað.

Eftir að lögin um stjórn fiskveiða voru gefin út með síðari breytingum í formi nýrra laga nr. 116/2006, segir 16. greinin nú einungis að ráðherra geti sett nánari reglur um framkvæmd laganna. Töluverður fjöldi reglugerða hefur verið settur á grundvelli laganna og þessarar heimildar, þar á meðal reglugerðin um vigtun og skráningu sjávarafla nr. 224/2006 eins og fyrr segir.

Í 18. gr. er að finna mikilvægt ákvæði en þar segir:

Fiskistofa annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og hefur í því skyni sérstaka eftirlitsmenn í sinni þjónustu.

*Jafnframt því sem þessir **eftirlitsmenn** sinna verkefnum skv. 10. gr. laga nr. 79 26. maí 1997 og eftirliti með reglum settum samkvæmt heimild í þeim lögum skulu þeir **fylgjast með löndun, vigtun og vinnslu afla**, enn fremur **útflutningi afla eða afurða** eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim og í erindisbréfi.*

Eftirlitsmönnum er heimilt að fara í veiðiferðir með fiskiskipum og að fara um borð í skip til athugunar á farmi og veiðarfærum og er skipstjórum skylt að veita þeim aðstoð, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 79 26. maí 1997. Enn fremur skal þeim heimill aðgangur að öllum vinnslusölum fiskverkana og birgðageymslum.

Í ljósi umræðu um möguleika á heimildum til „**fjarvigtunar**“ og tæknilegum lausnum í því skyni, er vakin sérstök athygli á 4. mgr. 18. gr. en þar segir:

*Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að settur skuli, á kostnað útgerða, **sjálfvirkur eftirlitsbúnaður til fjareftirlits** um borð í fiskiskip.*

Það má velta því fyrir sér að fyrst löggjafinn taldi það koma til greina að setja sjálfvirkan eftirlitsbúnað til fjareftirlits um borð í fiskiskip, hvort ekki mætti hugsa slíkt í sambandi við vigtun, sbr. óskir hafnaryfirvalda á nokkrum stöðum um *fjarvigtun*.

3.1.3 Viðurlög og önnur ákvæði

Í fjórða kafla er kveðið á um útreikning þorskígilda og í fimmta kafla eru ákvæði um útreikning, álagningu og innheimtu veiðigjalds. Sjötti kafli mælir fyrir um viðurlög við brotum á lögnum. Þau felast helst í heimildum Fiskistofu til að veita áminningar og svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni „fyrir brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum um umgengni um nytjastofna sjávar“ eins og segir í 24. gr. Einnig geta brot varðað sektum eða fangelsi allt að sex árum og beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögmeðs sjávarafra vegna brota gegn lögnum eftir því sem við á.

Nokkur bráðabirgðaákvæði í lögnum hafa á mismunandi tímum verið í gildi.

Í hnotskurn

Lögin um stjórn fiskveiða eru ein af þremur lagastoðum fyrir reglugerð um vigtun og skráningu sjávarafra. Þeim er ætlað að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu íslenskra fiskistofna og eru grundvöllur úthlutunar veiðiheimilda og reglna þeim tengdum.

Fiskistofa annast eftirlit með framkvæmd laganna og hefur í því skyni sérstaka eftirlitsmenn í sinni þjónustu. **Eftirlitsmenn Fiskistofu** eiga m.a. að **fylgjast með löndun, vigtun og vinnslu afla**, enn fremur **útflutningi afla eða afurða**.

Við gildistöku laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 var 16. gr. laganna breytt og felld út ákvæði hennar sem lutu að vigtun sjávarafra og yfirumsjón hafnaryfirvalda. Efnislega á greinin þó samhljóm í nokkrum ákvæðum laga nr. 57/1996.

3.2 Lög um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996

3.2.1 Aðdragandi

Í maí 1994 skipaði sjávarútvegsráðherra „samstarfsnefnd um bættu umgengni um auðlindir sjávar“. Hlutverk nefndarinnar var m.a. að meta í hve miklum mæli sjávarafli væri varpað fyrir borð á íslenskum skipum, meta hvernig auka mætti kjörhæfni veiðarfæra, kanna með hvaða hætti mætti bæta nýtingu aukaafli og hvernig bæta mætti virkni veiðieftirlits.

Nefndin skilaði áfangaskýrslu til ráðherra í desember 1994. Þar kom m.a. fram að:

- nauðsynlegt væri að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir að fiski væri varpað fyrir borð og honum landað framhjá vigt
- nauðsynlegt væri að aflaheimildir byggðu á vísindalegri ráðgjöf og að afli færi ekki fram úr heimildum
- reglur um veiðar og umgengni um auðlindina þyrftu að vera einfaldar og skýrar og veiðieftirlitið markvisst og það skyldi beinast að þeim vandamálum sem við væri að glíma hverju sinni
- viðurlög við brotum ættu að vera ströng og þyngjast við endurtekin brot
- lagaákvæði skorti um umgengni um auðlindir sjávar og að setja þyrfti ákveðnar lagareglur um umgengnina og viðurlög við brotum gegn þeim

Lagafrumvarp var samið, að mestu byggt á tillögum nefndarinnar, og hlaut það mikla umfjöllun á vörþingi 1995. Í framhaldinu fór fram endurskoðun frumvarpsins m.t.t. umræðna, nýtt frumvarp var samið og lagt fram á haustþingi sama ár.

Frumvarpið kvað skýrar á um ýmsar reglur sem lutu að umgengni um auðlindir sjávar, þær voru gerðar markvissari og kveðið á um viðurlög.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið sagði m.a.:

Auðlindir sjávar eru sameign þjóðarinnar sem verður að nýta þannig að þær gefi sem mestan arð. Tæp 80% af útflutningstekjum Íslendinga eru af sjávarafurðum. Góð umgengni um þessar auðlindir er því augljóslega eitt helsta hagsmunamál þjóðarinnar. Upplýsingar um afla og aflasamsetningu eru mikilvægasta forsendan sem fiskifræðingar styðjast við þegar lagt er mat á ástand stofna og afrakstursgetu þeirra. Ráðgjöf fiskifræðinga er sá þáttur sem vegur þyngst þegar tekin er ákvörðun um leyfilegan hámarksafli. Rangar eða ónákvæmar upplýsingar um afla leiða óhjákvæmilega til ónákvæmni í útreikningi varðandi ástand fiskstofna, og þar með eykst hættan á að of nærri þeim verði gengið.

Frumvarpið var samþykkt í maí 1996 sem lög um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996.



3.2.2 Markmið og efnisatriði

Lögin voru viðbót við lög um stjórn fiskveiða frá 1990 og er markmiðum beggja lýst á svipaðan hátt. Í 1. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar segir að markmið þeirra sé að bæta umgengni um auðlindir sjávar og stuðla að því að þær verði nýttar með sjálfbærum hætti er tryggi til langs tíma hámarksafkastur fyrir íslensku þjóðina.

Lögin geyma ákvæði um veiðar (2. kafli) og vigtun sjávarafla (3. kafli), sem eru meginefnisþættirnir. Auk þess er fjallað um framkvæmd laganna og viðurlög (4. kafli). Í fimmta kafla eru ákvæði til breytingar á lögum um stjórn fiskveiða til samræmis við frumvarpið og í 6. kafla eru gildistökuákvæði og heimild ráðherra til reglugerðarsetninga á grundvelli laganna.

3.2.3 Kafli um veiðar

Í 2. kafla er sett fram sú meginregla að skylt sé að hirða allan afla og koma með hann að landi (2. gr.). Lögin um stjórn fiskveiða frá 1990 gengu reyndar út frá að þessi meginregla gildi og var hún beinlínis orðuð í 19. gr. rglg. nr. 406/1995 sem sett var á grundvelli þeirra laga. Frá banni við að henda fiski í hafið eru svo nokkrar undantekningar, tilgreindar í sömu grein.

Kafli mælir fyrir um eftirlit Fiskistofu með aflasamsetningu fiskiskipaflotans og frekari upplýsingaöflun (3. gr.). Einnig um að óheimilt sé að hefja veiðiferð án þess að skip hafi veiðiheimildir í þeim tegundum, sem líklegt er að fáist í veiðiferðinni (2. mgr. 3. gr.). Í athugasemdum frumvarpsins um viðkomandi grein sagði m.a. um þetta eftirlit Fiskistofu:

Þetta er að sjálfsögðu gert að vissu marki nú þegar, enda hlýtur slík upplýsingasöfnun að vera forsenda alls veiðieftirlits. Hér er reiknað með að þessi þáttur starfseminnar verði eflur mjög enda eru glöggar upplýsingar af þessu tagi nauðsynlegar til að framfylgja ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar.

3.2.4 Kafli um vigtun sjávarafla

Í 3. kafla laganna eru ákvæði um hinn meginefnisþátt laganna, vigtun sjávarafans. Þar er að finna meginreglu um skyldur skipstjórnarmanna til löndunar í íslenski höfn, til vigtunar alls afla á hafnarvog og um löggiltar vogir og vigtarmenn, skyldur þeirra og ábyrgð. Sjá nánar í 4. og 5. kafla hér á eftir.

3.2.5 Framkvæmd, viðurlög og gildistaka

Fiskistofu og eftirlitsmönnum hennar er falið eftirlit með framkvæmd laganna, sbr. ákvæði 4. kafla þeirra. Fiskistofa getur leitað aðstoðar lögreglu og Landhelgisgæslu í því skyni.

Viðurlög felast m.a. í því að svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni ef veitt er umfram aflamark eða vegna annarra brota, að afturkalla leyfi til vigtunar og að svipta uppboðsmarkað fyrir sjávarafla rekstrarleyfi. Einnig er í lögum sektaheimild og mælt er fyrir um að stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot geti varðað varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum. Ennfremur skal vegna brota á lögum beita ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögmeats sjávarafla eftir því sem við á.

Í hnotskurn

Lögin um umgengni um nytjastofna sjávar komu sem viðbót við lögin um stjórn fiskveiða og í stað 16. gr. þeirra. Þau voru sett af brýnni þörf fyrir að kveða nánar á um umgengni við „helstu auðlind þjóðarinnar“. Lögin, sem eru helsta stoð reglugerðar um vigtun og skráningu sjávarafla, geyma ákvæði sem snerta **tvö meginsvið í skynsamlegri umgengni og nýtingu auðlindarinnar: veiðar og vigtun** sjávarafla.

Málaflokkurinn er á ábyrgð ríkisins; stjórnun, rannsóknir og eftirlit. Upplýsingar um afla og aflasamsetningu eru lykilsenda fyrir vísindalegri ráðgjöf um nýtingu auðlindarinnar. Vigtun og skráning sjávarafla gegna þar stóru hlutverki.

Fiskistofu er ætlaður stór þáttur í lagaframkvæmdinni og fiskveiðistjórnun. **Höfnum** landsins sömuleiðis.

3.3 Lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands nr. 151/1996

Eins og fyrr sagði fjalla lögin um stjórn fiskveiða frá 1990, nú 2006, um nýtingu fiskistofna á Íslandsmiðum. Eins og nafnið bendir til, ná lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands hinsvegar til veiða íslenskra skipa úr nytjastofnum utan íslensku lögsögunnar, sbr. lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn (1. gr. laga nr. 151/1996).

3.3.1 Efnisatriði laganna

Lögin skiptast í þrjú meginkafla. Í fyrsta kafla er fjallað um fiskveiðar íslenskra skipa, einkum um það hvernig veiðheimildum úr viðkomandi stofnum verði skipt á milli skipanna og um eftirlit með veiðunum.

Í öðrum kafla er fjallað um fiskveiðar erlendra skipa, m.a. um það hvernig bregðast skuli við brotum slíkra skipa á reglum um auðlindastjórnun. Þar segir að óheimilt sé að landa afla erlendra fiskiskipa í íslenskum höfnum ef veiðarnar brjóta í bága við samninga um nýtingu og varðveislu lifandi auðlinda hafsins sem Ísland er aðili að. Í þessum tilvikum er viðkomandi skipum einnig óheimilt að sækja hvers konar þjónustu til íslenskra hafna. Þetta gildir þó ekki um neyðartilvik.

Þriðji kafli geymir ýmis ákvæði, svo sem reglur um uppgöngu erlendra eftirlitsaðila á íslensk skip, refsíákvæði og ákvæði um gildistöku.

Lögin gera grein fyrir **heimildum Fiskistofu til veiðieftirlits** á úthafinu og í 8. gr. þeirra segir að um eftirlit með framkvæmd laganna gildi ákvæði laga um stjórn fiskveiða og laga um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum eftir því sem við á.



4 Vigtun sjávaraflla

Í almennum athugasemdum við frumvarp til laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 segir svo:

Í þriðja kafla frumvarpsins eru ákvæði, sem lúta að vigtun sjávaraflla. Þessi ákvæði eru að efni til að mestu leyti samhljóða gildandi reglugerð um vigtun sjávaraflla [innsk.: þá reglugerð nr. 618/1994] en þó er kveðið með skýrari hætti á um skyldur og ábyrgð þeirra aðila, sem að vigtun sjávaraflla koma.

Í 5. gr. er sett fram sú meginregla að öllum aflu sem íslensk skip veiða úr stofnum sem að hluta eða öllu leyti halda sig í efnahagslögsögu Íslands skuli landað innan lands og hann veginn í innlendri höfn. Mælt er fyrir um undantekningar frá þessu, s.s. vegna sérstakra aðstæðna, við löndun bræðslufisks í fiskimjölsverksmiðjur og við sölu fisks erlendis.

4.1 Meginreglan um vigtun á hafnarvog

Í 6. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar segir nánar til um hvernig standa skuli að vigtun á afla. Þar er sett fram sú meginregla að **allur afli skuli veginn á hafnarvog í löndunarhöfn þegar við löndun aflans**. Skal við vigtunina nota **löggilta vog** og vigtun framkvæmd af **starfsmanni hafnar** sem hlotið hefur til þess **löggildingu**. Í athugasemdum frumvarpsgreinarinnar segir að þetta sé eðlilegt þar sem allur afli sem landað sé hér á landi fari um einhverja af um það bil 60 höfnum landsins. Vigtunarkerfið hafi verið byggt upp kringum hafnarvogir og mikið átak hafi verið gert í því að styrkja hafnirnar í sessi.

Í 6. gr. reglugerðar um vigtun og skráningu sjávaraflla nr. 224/2006 er sambærilegt ákvæði og hefur verið svo a.m.k. frá því í vigtarreglugerðinni frá 1994. Í reglugerðunum, a.m.k. frá 1994, hafa að auki verið fyrirmæli um að nota skuli löggilta vog **í eigu viðkomandi hafnar** eins og það er orðað, en slíkan áskilnað er ekki að finna í lögnum. Auk þess kom inn í nýjustu vigtarreglugerðina skilyrði um vigtun **innan 2ja klukkustunda frá því að löndun lauk**. Sá áskilnaður var ekki í eldri vigtarreglugerðum. Í minnisblaði Fiskistofu um nýju reglugerðina til fulltrúa stjórnar HÍ (Hrefna Gíslad., 28. mars 2007) segir að þessi breyting hafi þann tilgang að stemma stigu við því að afla sé landað utan opnunartíma hafna án þess að hafnarvigtarmaður sé látinn vita. Kör geti staðið óvarin á bryggjunni klukkustundum saman og hætta geti verið á mengun. Auk þess séu þá meiri líkur á undanskoti afls.

Í 6. gr. laganna segir síðan að **sé hafnarvog ekki í verstöð** eða ef **sérstakar ástæður** séu fyrir hendi geti Fiskistofa tímabundið leyft vigtun með öðrum hætti. Í 2. mgr. 6. gr. vigtarreglugerðarinnar er sambærilegt ákvæði, nema hvað að bætt er við að **skilyrði sem sett eru í III. eða VI. kafla rglg. skuli uppfyllt**. Athugasemdir við frumvarpið gera ráð fyrir að tímabundnar undanþágur Fiskistofu eigi t.d. við ef ekki reynist unnt að uppfylla skilyrði um vigtun á hafnarvog í löndunarhöfn, s.s. vegna bilunar í hafnarvog, vegna þess að hún henti ekki til ákveðinnar vigtunar eða að löggiltur vigtarmaður sé tímabundið forfallaður. Sú athugasemd á efnislegan samhljóm í 62. gr. vigtarreglugerðarinnar.

4.2 Vigtun annarra

Í reglugerð um vigtun og skráningu sjávaraflla nr. 224/2006 – og fyrri reglugerðum um sama efni – er að finna ákvæði um tvo flokka vigtunarleyfa utan hafnarvoga. Helstu heimildir annarra til vigtunar, utan hafnarvoga, eru **endurvigtunarleyfi** (2. kafli rglg.) og **heimavigtunarleyfi** (3. kafli rglg.).

Við endurvigtun hefur afli áður verið veginn á hafnarvog, svokallaðri brúttóvigtun, en er síðan – eins og nafnið gefur til kynna – endurvigtaður hjá vigtunarleyfishafa, t.d. fiskvinnslu eða fiskmarkaði. Við heimavigtun er afli ekki veginn á hafnarvog áður. Aðili sem hefur heimavigtunarleyfi, hefur jafnframt leyfi til endurvigtunar.

Í 2. mgr. 6. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 er mælt fyrir um þessar heimildir til endur- og heimavigtunar, **að fenginni umsögn hafnaryfirvalda á löndunarstað**.

Að auki eru í lögnum sett eftirfarandi skilyrði fyrir veitingu heimavigtunarleyfa, sbr. og 19. gr. vigtarreglugerðar:

- veruleg vandkvæði séu á því að vega aflann á hafnarvog
- eftirlit hafnar sé nægilegt
- innra eftirlit þess aðila sem í hlut á sé traust
- vigtunarbúnaður sé löggiltur og vigtun framkvæmd af löggiltum vigtarmanni

Í athugasemdum lagafrumvarpsins segir að ekki sé gert ráð fyrir að þessi heimild verði nýtt hvað varðar vigtun á botnfiski, nema ströng skilyrði varðandi skráningu og eftirlit séu uppfyllt.

Bæði endurvigtunarleyfi og heimavigtunarleyfi flokkast svo niður í leyfi til **heilvigtunar** og til **úrtaksvigtunar**. Þessi sundurgreining á tveimur aðferðum við vigtun afla kom inn í nýju reglugerðina 2006. Með heilvigtun er átt við að allur afli tiltekinnar tegundar sé veginn til aflaskráningar, en við úrtaksvigtun skal vigta úrtak úr afla sem er ísaður í kassa eða kör. Sjávarútvegsráðuneytið setur reglur um lágmarksúrtak við vigtun (14. gr. rglg.).

Leyfin eru gefin út til 2ja ára (heimavigtun) eða 3ja ára (endurvigtun) og skulu bundin við nafn og kennitölu umsækjanda og tilgreint húsnæði. Vigtarmaður á vegum endurvigtunarleyfishafa þarf að hafa löggildinguna sem slíkur. Hann skal fylla út og undirrita vigtarnótu og tilgreina upplýsingar á sama hátt og hafnarvigtarmaður, auk frekari upplýsinga fyrir hverja tegund sem tilgreindar eru í 16. gr. rglg. Vigtarnótur eru svo sendar á hafnarvog án dráttar, en tímamörk þeirra skila tilgreind tveir eða fimm dagar frá löndun afla eftir því hvort um er að ræða heilvigtun eða úrtaksvigtun, eða löndun eftir slægingu (15. og 22. gr. rglg.).

4.2.1 Nánar um endurvigtunarleyfi

Annar kafli nógildandi vigtarreglugerðar fjallar um endurvigtunarleyfi, sem eru eins og áður segir, viðbót við vigtun á hafnarvog. Tilgangur endurvigtunar er að vigtunarleyfishafi geti dregið frá heildarmagni vegnu á hafnarvog, magn íss í afla. Vigtun á hafnarvog er svokölluð brúttóvigtun og er þá einungis heimilt að draga frá allt að 3% heildarþyngdar, vegna áætlaðs íssmagns. Endurvigtunarleyfishafi tekur aflann í hús og nettóvigtar hann (úrtök) án íss. Með þeirri vigtun eiga að fást nákvæmar tölur um hlutfall íss í afla og er ekki óalgengt að reiknað hlutfall íss í heildarafla fari upp í 15 – 25%.

Í 11. gr. vigtarreglugerðarinnar segir að umsækjandi um endurvigtunarleyfi skuli senda *skriflega umsókn til Fiskistofu, sem tekur ákvörðun um leyfisveitingu eftir að hafa leitað álits viðkomandi hafnaryfirvalda. Ef umsækjandi uppfyllir kröfur sem gerðar eru til vigtunarleyfishafa skal Fiskistofa gefa út leyfi til endurvigtunar afla. Fiskistofa skal tilkynna viðkomandi hafnaryfirvöldum um veitingu leyfa til endurvigtunar afla.*

Í 14. gr. er að finna heimild fyrir löggiltan vigtarmann, sem **jafnframt er starfsmaður löndunarhafnar, til að annast endurvigtun afla, enda sé löggilt vog notuð.**

Og í 15. gr. er kveðið á um að þegar afli er endurvigtaður skuli það gert svo fljótt sem verða má og án ástæðulauss dráttar. **Vigtarnóta skal svo send löndunarhöfn strax að vigtun lokinni.**

4.2.2 Nánar um heimavigtunarleyfi

Þriðji kafli vigtarreglugerðarinnar fjallar um heimavigtunarleyfi, sem eru eins og áður segir, undantekning frá vigtun á hafnarvog. Í 18. gr. segir að Fiskistofu sé heimilt að veita undanþágu frá vigtun á hafnarvog að uppfylltum skilyrðum kaflans og skal hún **tilkynna viðkomandi hafnaryfirvöldum um veitingu leyfa til heimavigtunar afla.**

Og í 4. mgr. 18. gr. segir ennfremur:

Leyfi til heimavigtunar veitir leyfishafa eingöngu heimild til vigtunar á afla sem fyrirhugað er að vinna á vigtunarstað eða seldur er á uppboði hjá fiskmarkaði.

Í 19. gr. kemur fram að aðili sem hefur heimavigtunarleyfi hefur jafnframt leyfi til endurvigtunar, sbr. II. kafla.

Í 21. gr. reglugerðarinnar er mælt fyrir um brúttóvigtun á hafnarvog fyrir þann hluta afla sem ætlaður er til útflutnings og er vigtaður með úrtaksvigtun hjá heimavigtunarleyfishafa.

Við veitingu endurvigtunar- og heimavigtunarleyfis þarf, samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996, að leita álits viðkomandi hafnaryfirvalda á beiðni um slík leyfi, en ekkert er getið um gildi umsagna hafnaryfirvalda eða á hvern veg Fiskistofa skuli meta þær. Um heimavigtunarleyfi segir hinsvegar í 19. gr. vigtarreglugerðar frá 2006 að það skuli aðeins veitt **að fenginni jákvæðri umsögn hafnaryfirvalda á viðkomandi löndunarstað.** Sambærilegt ákvæði kom inn í reglugerðina árið 1998, en var ekki í reglugerðinni frá 1994. Áskilnaðurinn um jákvæða umsögn hafnaryfirvalda virðist ekki eiga stoð í lögum.

Að öðru leyti er í 19. gr. vigtarreglugerðarinnar mælt fyrir um sömu skilyrði fyrir veitingu heimavigtunarleyfis og tilgreind eru í 6. gr. laganna, þ.e. um löggilta vog og vigtarmann, um traust innra eftirlit leyfishafa, um að **eftirlit hafnar sé nægilegt** og um að **veruleg vandkvæði séu á að vega afla á hafnarvog.**

Síðastnefnda atriðið þýðir í raun að það er staðsetning starfseminnar hjá umsækjanda sem ræður því hvort hann á kost á að fá heimavigtunarleyfi eða ekki. Það á hann, ef starfsemin er staðsett nánast „við kajann“ eða þannig að það sé „krókur“ að aka á hafnarvogina með aflann – framhjá viðkomandi fyrirtæki. Ef beinast liggur við að aka á hafnarvogina fyrst, kemur heimavigtunarleyfi ekki til greina. Fiskistofa getur svo bundið heimavigtunarleyfi frekari skilyrðum, s.s. varðandi tegundir og aðferð við vigtun.

4.2.3 Heimild til vigtunar eftir slægingu í landi

Í 24. gr. vigtarreglugerðarinnar er að finna ákvæði sem ekki var í eldri reglugerð. Samkvæmt því er Fiskistofu heimilt að veita leyfi til að einstakar tegundir (þorskur, ýsa, ufsi) verði vegnar eftir slægingu í landi, að uppfylltum skilyrðum reglugerðarinnar.

Hér er um að ræða viðbót við hin leyfin, þar sem leyfishafi þarf að hafa fyrir annaðhvort heimavigtunar- eða endurvigtunarleyfi. Samkvæmt upplýsingum Fiskistofu (samtal við starfsmann, 12. sept. 2007) eru örfáir aðilar með slíkt leyfi, sem helst myndi henta slægingarþjónustuaðilum. Vigta þarf hvern fisk fyrir og eftir slægingu, sem felur í sér mikinn vinnukostnað og krefst tveggja löggiltra voga, sem eru afar dýrar.

Vigtunarleyfishafa sem leyfi hefur til slægingar og vigtunar afla ber ávallt að slægja afla fyrir vigtun hans til skráningar. Það á þó ekki við um fiskmarkaði.

4.2.4 Vigtun á fiskmarkaði

Fiskmarkaðir geta ýmist haft heimavigtunar- eða endurvigtunarleyfi; einnig leyfi til vigtunar eftir slægingu. Með nýju reglugerðinni er leyfi fiskmarkaða til heimavigtunar bundið við afla sem seldur er á uppboði (4. mgr. 18. gr.) en endurvigtunarleyfið nær yfir annan afla, sem ekki fer á uppboð. Fiskmörkuðum með heimavigtunarleyfi er heimilt að fylgja reglum um úrtaksvigtun.

Í 2. mgr. 25. gr. vigtarreglugerðarinnar segir:

Um umsókn um vigtunarleyfi til fiskmarkaða og veitingu leyfa vísast til ákvæða 11. gr., sbr. 19. gr. og 1. mgr. 24. gr. eftir atvikum.

4.2.5 Vigtun sjálfstæðra aðila

Í eldri vigtarreglugerð frá 1998 sagði að Fiskistofa gæti að fenginni umsögn viðkomandi hafnarstjórnar, veitt sjálfstæðum aðilum heimild til að annast vigtun á afla við löndun. Skilyrði fyrir slíkri leyfisveitingu var m.a. að vigtun yrði undir eftirliti og ábyrgð hafnaryfirvalda á viðkomandi stað.

Í fyrrgreindu minnisblaði Fiskistofu um nýju reglugerðina segir að í henni séu tekin saman í sérstakan kafla núgildandi ákvæði um leyfi sjálfstæðra aðila til að annast vigtun sjávarafila með það að markmiði að draga fram með skýrari hætti efnisreglur er lúta að vigtun þessara leyfishafa.

Í 27. gr. nýju reglugerðarinnar segir að Fiskistofa geti veitt sjálfstæðum aðilum heimild til að annast vigtun á afla við löndun **enda sé hún undir eftirliti og á ábyrgð viðkomandi hafnaryfirvalda**. Leyfið veitir rétt í samræmi við ákvæði leyfisbréfs til vigtunar sjávarafila við löndun í tiltekinni höfn. Ekki er mælt fyrir um umsögn viðkomandi hafnarstjórnar en sett skilyrði um að með umsókn **skuli fylgja yfirlýsing hafnaryfirvalda um heimild umsækjanda til vigtunar sjávarafila undir eftirliti og á ábyrgð hafnarinnar**. Leyfið gildir til þriggja ára. Í 28. gr. reglugerðarinnar er ákvæði um hæfisskilyrði.

Dæmi um þetta er samkvæmt upplýsingum Fiskistofu (samtal við starfsmann, 12. sept. 2007) að HB-Grandi var með heimavigtunarleyfi, en ákvað að hætta því og fela löndunaraðila að brúttóvigta aflann beint upp úr frystitögurum sínum. Löndunaraðilinn er með sérstakt leyfi til að vigta aflann, en það er gert í umboði hafnarinnar. Löndunaraðilinn/vigtunarleyfishafinn verður n.k. ígildi hafnarvigtar og vigtar í umboði hennar, undir eftirliti og á ábyrgð hennar.

Í hnotskurn

Meginregla er að öllum afla íslenskra skipa, úr íslenskri lögsögu, skuli **landað innan lands** og hann **veginn í innlendri höfn**.

Meginregla er að allur afli skuli **veginn á hafnarvog í löndunarhöfn** þegar við löndun aflans. Skilyrði er um **löggilta vog** og **löggildingu vigtarmanns**, sem skal vera starfsmaður hafnar.

Viðbót - endurvigtunarleyfi: brúttóvigtun á hafnarvog áður, 3ja ára leyfi, staðsetning ekki atriði, leitað umsagnar hafnaryfirvalda, ekki skilyrði um sérstakt eftirlit hafnaryfirvalda en almenn heimild til eftirlits, sbr. t.d. 12. gr. vigrarreglugerðar.

Undantekning - heimavigtunarleyfi: ekki vigtun á hafnarvog áður, 2ja ára leyfi, skilyrði um að veruleg vandkvæði séu á því að vega afla á hafnarvog = staðsett við kajann, um nægilegt eftirlit hafnaryfirvalda, traust innra eftirlit leyfishafa og um jákvæða umsögn hafnaryfirvalda (það síðastnefnda byggir einungis á ákvæðum reglugerðar).

Viðbót - heimild til vigtunar eftir slægingu í landi, vigtun á fiskmarkaði.

Vigtun sjálfstæðra aðila: þarf **yfirlýsingu** hafnaryfirvalda um heimild umsækjanda til vigtunar **undir eftirliti** og **á ábyrgð viðkomandi hafnar** (**á ábyrgð...** gengur að því leytinu lengra en heimavigtun).



5 Hlutverk, skyldur og ábyrgð hafna og hafnarvigtarmanna

Hér verða rakin helstu ákvæði laga og vigtarreglugerðar sem mæla fyrir um starfsþætti og hlutverk, skyldur og ábyrgð löggiltra vigtarmanna sem eru starfsmenn hafna, ennfremur um skyldur og ábyrgð hafna.

5.1 Hlutverk og skyldur hafna

Í 3. mgr. 6. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 segir að **hafnir skuli uppfylla kröfur um aðstöðu til vigtunar sjávarafla og eftirlit sem kveðið er á um í reglugerð**. Sjávarútvegsráðuneyti getur bannað löndun sjávarafla í einstökum höfnum sem ekki fullnægja kröfum samkvæmt þessari málsgrein. Í 4. mgr. sömu greinar segir að sjávarútvegsráðuneytið geti þó við sérstakar aðstæður, svo sem vegna róðra frá afskekktum stöðum, veitt undanþágu frá löndun í viðurkenndri höfn. Skilyrði fyrir slíkri undanþágu er að vigtun afla og skýrsluskil séu fullnægjandi.

Eins og fram hefur komið var í 1. mgr. 16. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 38/1990 að finna ákvæði um að hafnaryfirvöld á hverjum löndunarstað skyldu *hafa yfirumsjón með vigtun afla og söfnun upplýsinga um landaðan afla*. Ákvæðið var fellt út úr lögnum með setningu laga um umgengni um nytjastofna sjávar frá 1996, en ýmis ákvæði þeirra laga kveða á um þetta, þó með öðrum hætti sé. Í 56. gr. núgildandi vigtarreglugerðar er svo að finna ákvæði þannig orðað:

Hafnaryfirvöld á hverjum löndunarstað skulu hafa umsjón með vigtun afla og söfnun upplýsinga um landaðan afla. Hafnaryfirvöld skulu hafa umsjón með að þeim reglum sem settar hafa verið um vigtun á hverjum löndunarstað sé framfylgt.

Í 55. gr. reglugerðarinnar segir jafnframt:

Hafnaryfirvöld skulu tryggja að upplýsingar um vigtun landaðs afla, sbr. 9. gr., séu færðar í afla-skráningarkerfi Fiskistofu. Skráning afla samkvæmt vigtarnótu vigtunarleyfishafa skal fara fram svo skjótt sem verða má og aldrei síðar en einum virkum degi eftir að vigtarnóta liggur fyrir hjá viðkomandi höfn.

Um hlutverk og skyldur hafna og hafnaryfirvalda er ennfremur vísað til nánari umfjöllunar hér síðar.

Í eldri vigtarreglugerðum, frá 1994 (36. gr.) og 1998 (41. gr.), var að finna ákvæði sem virðist hafa verið fellt út úr nýjstu vigtarreglugerðinni frá 2006, en það hljóðaði svo:

Sérstök samráðsnefnd, skipuð einum fulltrúa tilnefndum af Hafnasambandi sveitarfélaga, einum tilnefndum af Fiskistofu og einum tilnefndum af samgönguráðherra, auk formanns sem skipaður er af sjávarútvegsráðherra án tilnefningar skal fjalla um álíta- og ágreiningsmál varðandi vigtun afla. Skal nefndin gera tillögur um fyrirkomulag vigtunar þar sem almennum reglum verður ekki við komið.

5.2 Löggilding og hæfisreglur vigtarmanna

Í VII. kafla laga um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn nr. 91/2006 eru ákvæði um löggilta vigtarmenn o.fl.

Í 23. gr. er m.a. fjallað um skilyrði löggildingar, sem eru að viðkomandi séu búsettir hér á landi, fullra tuttugu ára, sjálfráða og fjárráða og hafi sótt námskeið til löggildingar vigtarmanna og staðist próf. Synja skal manni um löggildinguna ef 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

Í 2. mgr. 23. gr. laganna segir að **vigtarmenn skuli hafa löggildinguna Neytendastofu** sem gefur út skírteini þeim til handa um að þeir megi taka að sér störf sem löggiltum vigtarmönnum eru einum falin samkvæmt ákvæðum í lögum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Löggilding vigtarmanns gildir í tíu ár og heldur Neytendastofa skrá yfir löggilta vigtarmenn. (3. mgr. 23. gr.)

Neytendastofu er heimilt að veita einstaklingi **bráðabirgðalöggildinguna** til starfa að löggilttri vigtun að fenginni umsögn hlutaðeigandi stjórnvalda. (4. mgr. 23. gr.)

Hvorki í lögnum um stjórn fiskveiða, né í lögnum um umgengni um nytjastofna sjávar, er að finna ákvæði sem mæla fyrir um **hæfi löggiltra vigtarmanna eða hafnarstarfsmanna**.

Í 4 gr. gildandi vigtarreglugerðar er hinsvegar að finna eftirfarandi ákvæði um hæfi löggiltra vigtarmanna:

Löggiltur vigtarmaður telst vanhæfur ef tengsl hans við hlutaðeigandi fyrirtæki eða forsvarsmenn þess eru til þess fallin að draga megi óhlutdrægni hans í efa með réttu. Þó telst löggiltur vigtarmaður ekki vanhæfur þótt hann sé starfsmaður fiskvinnslu eða fiskmarkaðar þar sem vigtun fer fram, enda eigi hann ekki eignaraðild að rekstrinum. Minniháttar hlutafjáreign í almenningshlutafélagi telst ekki eignaraðild í þessu sambandi.

Sambærileg ákvæði voru í eldri reglugerðunum, bæði þeirri frá 1998 og hinn frá 1994.

Í lögnum frá 2006 um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn er einnig að finna ákvæði sem lýtur að hæfi vigtarmanna. Í 2. mgr. 27. gr. laganna segir að Neytendastofa setji nánari reglur um almennt og sérstakt hæfi löggiltra vigtarmanna, þ.m.t. hvaða störf séu ósamrýmanleg störfum löggiltra vigtarmanna o.fl. Reglurnar skal setja að fenginni umsögn fagraðs, sbr. 35. gr. laganna. Slíkar reglur voru settar þann 4. júlí 2007 og bera yfirskriftina **reglur um almennt og sérstakt hæfi löggiltra vigtarmanna nr. 650/2007**.

Reglurnar innihalda **hin almennu hæfisskilyrði** um löggilta vigtarmenn, sem jafnframt koma fram í 1. mgr. 23. gr. laganna. Auk þess eru í 3. gr. reglnanna sett **almenn neikvæð hæfisskilyrði** og mælt fyrir um að löggiltur vigtarmaður skuli ekki taka við starfi þegar fyrirsjáanlegt er að hann muni oft verða vanhæfur til meðferðar einstakra mála á grundvelli hinna sérstöku hæfisreglna. Síðan eru talin upp störf sem sögð eru ósamrýmanleg störfum löggilts vigtarmanns sem starfar sem hafnarvigtarmaður í aðal- eða aukastarfi, nánar tiltekið ef vigtarmaður er eigandi og/eða útgerðarmaður fiskiskipa, starfsmaður útgerðar fiskiskipa, eigandi eða starfsmaður fiskvinnslu og eigandi eða starfsmaður fiskmarkaðar.

4. gr. reglnanna kveður á um að **eignaraðild** valdi vanhæfi, þ.e. að löggiltur vigtarmaður teljist vanhæfur ef hann á eignaraðild að fyrirtæki þar sem vigtun fer fram, ef hlutafé hans nemur 5% eða meira. Minniháttar hlutafjáreign í almenningshlutafélagi telst þó ekki eignaraðild í þessu sambandi. Í greininni segir síðan:

Eigi er þó um vanhæfi að ræða ef vigtarmaður er starfsmaður fyrirtækis þar sem vigtun fer fram, enda eigi hann ekki eignaraðild að rekstrinum og upplýsir viðskiptamann um tengslin, sbr. f-lið 25. gr. laga nr. 91/2006 um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. telst vigtarmaður ekki vanhæfur þegar um er að ræða vigtun hjá sjálfstætt starfandi lögaðila, sem telst vera þriðji aðili að viðskiptunum, þar sem engin eignatengsl eru á milli vigtunaraðila og viðskiptamanna hans.

Auk þess eru í reglunum sett **sérstök hæfisskilyrði**, en skv. 5. gr. telst löggiltur vigtarmaður vanhæfur:

- a. ef hann er aðili að viðskiptum með þá vöru sem vigtuð er, fyrirsvarsmaður eða umboðsmaður aðila;
- b. ef hann er eða hefur verið maki aðila að viðskiptum með þá vöru sem vigtuð er, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar;
- c. ef hann tengist fyrirsvarsmanni eða umboðsmanni aðila að viðskiptum með þá vöru sem vigtuð er með þeim hætti sem segir í b-lið;
- d. ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

Áhrif vanhæfis eru þau að löggiltur vigtarmaður, sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans, skal án tafar lýsa sig vanhæfan og neita vigtun, sbr. 6. gr. reglnanna.

Stjórn Hafnasambands Íslands og fleiri hafa gagnrýnt reglurnar og telja þær of íþyngjandi, einkum fyrir hafnir í fámennari byggðarlögum. Reglurnar taka nokkurt mið af ákvæðum stjórnarsýslulaga og vaknar þá sú spurning hvort starfsmenn hafna (eða sumra hafna) ættu að vera undanþegnir hinum ströngu ákvæðum stjórnarsýslulaga líkt og almennt gildir um stjórnarsýslu sveitarfélaga, sbr. 2. ml. 2. mgr. 2. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Einnig vaknar spurning um hvort starf vigtarmanna feli yfirhöfuð í sér stjórnarsýsluákvörðun sem falli undir stjórnarsýslulögin, þ.e. ákvörðun um rétt eða skyldur einstaklinga eða lögaðila. Ekki verður reynt að svara því hér.

Þess má svo geta að í 28 gr. gildandi vigtarreglugerðar er að finna ákvæði um **hæfi sjálfstæðra vigtunarleyfishafa**, en þar segir:

Heimild til vigtunar afla í umboði hafnar skal aðeins veitt þeim sem ekki eiga beina eignaraðild að útgerðarfyrirtæki eða fiskvinnslu, né annast eða hafa milligöngu um sölu á afla og ekki hafa slíkra hagsmuna að gæta að draga megi óhlutdrægni þeirra í efa með réttu. Löggiltur vigtarmaður sem annast vigtun fyrir slíkan aðila skal uppfylla skilyrði um hæfi sbr. 4. gr.

5.3 Hlutverk og starfsskyldur vigtarmanna

Lög um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn nr. 91/2006 geyma ákvæði um löggilta vigtarmenn, m.a. skilyrði löggildingar. Í 26. gr. laganna segir svo um starfsskyldur og ábyrgð vigtarmanna:

Löggiltur vigtarmaður ber ábyrgð á vigtun sem hann vottar í samræmi við viðurkennda starfshætti þeirrar vigtunaraðferðar sem notuð er hverju sinni. Í því felst að löggiltur vigtarmaður skal sjálfur vera viðstaddur vigtun, hann tryggir alla framkvæmd hennar og staðfestir hana með undirritun sinni á vigtarvottorð sem hann ber ábyrgð á í samræmi við lög og reglur settar samkvæmt þeim.

Um starfshætti vigtarmanna gilda að öðru leyti ákvæði þessara laga og sérlaga eftir því sem við getur átt, og reglur settar samkvæmt þeim. Í erindisbréfi sem ráðherra setur skal að öðru leyti kveðið á um starfsskyldur vigtarmanna.

7. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar mælir fyrir um almenna árvekni og „ábyrgð á eigin vigtun og skráningu“, en þar segir:

Löggiltir vigtarmenn er vigta sjávarafla skulu gæta þess að fara í hvívetna eftir reglum um framkvæmd vigtunar, skráningu upplýsinga og skil á þeim.

5.3.1 Skráning, vigtarnótur og upplýsingagjöf til Fiskistofu

Í 9. gr. reglugerðarinnar er almennt ákvæði þar sem mælt er fyrir um skyldur löggilts vigtarmanns sem jafnframt er starfsmaður hafnar og vigtar aflann. Hann skal **gefa út og undirrita vigtarnótu þar sem eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram:**

1. Nafn skips og skrásetningarnúmer ásamt umdæmisnúmeri.
2. Löndunarhöfn og löndunardagur.
3. Nafn seljanda, kaupanda og viðtakanda afla eða eftir atvikum fiskmarkaðar.
4. Vegið aflamagn, sundurliðað eftir tegundum.
5. Undirmálsaflí.
6. Fjöldi íláta, gerð og þungi (t.d. kör, kassar, tunnur).
7. Veiðarfæri.
8. Sé um að ræða bretti eða palla sem ílátin eru flutt á skal gera grein fyrir fjölda þeirra.
9. Skrásetningarnúmer flutningstækis og eiginþyngd samkvæmt skráningu í ökutækjaskrá.
10. Tilgreina skal hvort afli fari til endurvigtunar.
11. Tilgreina skal hvort óslægður afli, sbr. 5. gr., verði veginn eftir slægingu eða umreiknist í slægðan afla samkvæmt slægingarstuðli sem útgefinn er af sjávarútvegsráðuneytinu.

Upplýsingar samkvæmt vigtarnótu skal hafnarvigtarmaður ávallt skrá í aflaskráningarkerfi Fiskistofu án ástæðulauss dráttar.

Þess má geta að í eldri reglugerðum um vigtun sjávarafla, frá 1994 og 1998, var að finna sams konar ákvæði um innihald vigtarnótu, sem gefin er út af hafnarstarfsmanni, en þar voru ofangreindir liðir átta talsins en ekki ellefu og nokkuð einfaldari að efni en í nýjustu reglugerðinni.

7. gr. vigtarreglugerðarinnar segir að allur afli skuli veginn í ílátum með ís. Hver tegund skal vegin sérstaklega:

Löggiltur vigtarmaður á hafnarvog skal skrá á vigtarnótu tegund, fjölda og áætlaða þyngd íláta og draga frá vegnum afla. Vigtarmanni er einnig heimilt að draga allt að 3% frá vegnum afla vegna áætlaðs íss í afla eftir að hafa gengið úr skugga um að aflinn sé ísaður. Frádráttur vegna íss skal tilgreindur á vigtarnótu.

Í 50. gr. reglugerðarinnar segir:

Allur óunninn afli sem fluttur er út í gámum skal brúttóvigtaður í löndunarhöfn og skráður í aflaskráningarkerfi Fiskistofu. Ef afli sem sendur er til endurvigtunar á viðurkenndan uppboðsmarkað erlendis, fer þegar eftir löndun í flutningsfar má brúttóvigta aflann með því að vigta gáminn. **Löggiltur vigtarmaður sem jafnframt er starfsmaður hafnar skal gefa út vigtarnótu sbr. 9. gr., sem fylgja skal farni uns hann er kominn um borð í flutningsfar sem flytur hann á markað erlendis. Á þeirri nótu komi fram sundurliðaðar upplýsingar ...**

Og ennfremur, á sama stað:

Afrit af flutningsnótu, ásamt upplýsingum um gámanúmer og eyðublað um innihald gáms, skal hafnarstarfsmaður senda Fiskistofu án ástæðulauss dráttar. Gögnin skulu varðveitt hjá hafnaryfirvöldum.

Í 8. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 segir:

Hafnaryfirvöld skulu senda Fiskistofu jafnharðan upplýsingar um landaðan afla í því formi sem ráðherra ákveður með reglugerð.

Ráðuneytið skal að höfðu samráði við samgönguráðuneytið og Hafnasamband sveitarfélaga kveða nánar á um það í reglugerð hvernig afli skuli veginn og upplýsingum um landað aflamagn safnað.

Í 35. gr. vigtarreglugerðarinnar er ákvæði um vigtun rækju og útreikning á frádrætti umbúða frá aflamagni:

Forsóðin rækja sem fryst er í öskjur skal ávallt vegin skv. ákvæðum 6. gr. **Vigtarmaður á hafnarvog skal draga þyngd umbúða frá vegnu aflamagni.**

Hrárækja sem fryst er í öskjur skal ávallt vegin skv. ákvæðum 6. gr. **Vigtarmaður á hafnarvog skal draga þyngd umbúða frá vegnu aflamagni.** Frá þannig vegnu aflamagni frystrar hrárækju skal síðan draga 10% vegna vatns í afla.

Á vigtarnótu skal tilgreina þau atriði sem fram koma í 42. gr. eftir því sem við á.

5.3.2 Skylda til að skoða, sannreyna og tilkynna til Fiskistofu

Í 11. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar er starfsmönnum hafnarvoga lagt á herðar að **sannreyna að uppgefin tegund vigtaðs afla sé rétt með beinni skoðun úrtaks úr lönduðum afla.** Sama á við um afla sem gefinn er upp sem undirmálsaflí. Skulu þeir **með reglubundnum hætti gefa Fiskistofu yfirlit yfir framkvæmdar úrtaksskoðanir og niðurstöður** þeirra.

Sambærilegt ákvæði er í 56. gr. vigtarreglugerðarinnar. Þar segir ennfremur:

Verði hafnaryfirvöld vör við að brotið sé gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skulu þau tilkynna það Fiskistofu.

Og í 57. gr. reglugerðarinnar segir:

Hafnaryfirvöld skulu **meta hvort upplýsingar** sem fram koma á vigtarnótum **séu trúverðugar.** Telji hafnaryfirvöld upplýsingar sem koma fram á vigtarnótu ótrúverðugar skulu þau **tilkynna það Fiskistofu.**

Rétt er að geta þess að í vigtarreglugerð frá 1994 var ekki ákvæði um að hafnaryfirvöld skyldu sérstaklega meta trúverðugleika upplýsinga á vigtarnótum. Slíkt ákvæði kom inn í reglugerðina 1998 (39. gr.), en reyndar var þá talað um upplýsingar á **úrtaksvigtarnótum.** Í reglugerðinni frá 1994 hljómaði svipað ákvæði í 34. gr. þannig:

Telji hafnaryfirvöld upplýsingar sem koma fram á úrtaksvigtarnótu ótrúverðugar skulu þau tilkynna það Fiskistofu.

Í 32. gr. gildandi vigtarreglugerðar er fjallað um vigtun á hörpudiski. Þar segir:

*Fari endanleg vigtun hörpudisks fram á hafnarvog er vigtarmanni heimilt að draga allt að 4% frá vegnum afla vegna áætlaðra aðskotahluta í aflanum. Hann skal láta þennan frádrátt koma fram á vigtarnótu, en hann er því aðeins leyfður að **vigtarmaður á hafnarvog staðfesti** með áritun á vigtarnótu **að aðskotahlutir hafi verið í aflanum við löndun.***

50. gr. reglugerðarinnar kveður á um útflutning fisks í gámum og hljóðar svo:

*Verði gámur fylltur smám saman af afla sem senda á til endurvigtunar á viðurkenndan uppboðsmarkað erlendis, þannig að afla er hlaðið oft í gáminn, **er óheimilt að setja afla í gáminn eða taka afla úr honum nema að viðstöddum hafnarstarfsmanni.***

***Hafnarstarfsmaður skal læsa gámnum** eftir að afli hefur verið settur í hann.*

5.3.3 Heimildir, m.a. til aðgangs vegna eftirlits

Í 18. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 er mælt fyrir um heimildir eftirlitsmanna á vegum Fiskistofu, enda er það Fiskistofa sem annast eftirlit með framkvæmd laganna. Þar segir að þeim sé heimilt að fara í veiðiferðir með fiskiskipum og að fara um borð í skip til athugunar á farmi og veiðarfærum, auk þess sem þeim skal heimill aðgangur að öllum vinnslusölum fiskverkana og birgðageymslum

Í 8. gr. laganna um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 eru einnig taldar upp heimildir til eftirlits, en þar segir að eftirlitsmönnum Fiskistofu **og starfsmönnum hafnaryfirvalda** sé **heimill aðgangur** að fiskiskipum, flutningstækjum, fiskverkunum og birgðageymslum sem **naudsynlegur er til að vigta sjávarafila eða hafa eftirlit með vigtun hans.**

Sambærilegt ákvæði er að finna í 61. gr. gildandi vigtarreglugerðar, en þar var þó bætt við heimild til aðgangs vegna vigtunar eða eftirlits í fiskmörkuðum, án þess að lög mæli sérstaklega fyrir um það, eftir því sem best verður séð.

Í 14. gr. reglugerðarinnar er heimild fyrir löggiltan vigtarmann sem jafnframt er starfsmaður löndunarhafnar til að annast endurvigtun afla, enda sé notuð löggilt vog.



5.4 Skyldur annarra – samspil við hlutverk og skyldur hafnarstarfsmanna

5.4.1 Skipstjóri fiskiskips

Í 9. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 segir að skipstjóra fiskiskips sé skylt að halda afla aðgreindum eftir tegundum, um borð í skipi sínu, eða a.m.k. við löndun og skylt er honum að láta vigta hverja tegund sérstaklega. Undirmálsfiski gæti líka þurft að halda aðgreindum. Skipstjóra ber að tryggja að **réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann berist til vigtarmanns.**

Í 2. gr. vigtarreglugerðarinnar segir að skipstjóri fiskiskips beri ábyrgð á að afli skipsins sé veginn samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar.

Í 53. gr. reglugerðarinnar er fjallað um vigtun eldisfisks og segir þar:

Skipstjóri fiskiskips og rekstraraðili eldisstöðvar bera ábyrgð á því að afli sé veginn í samræmi við reglugerð þessa.

Og eftir vigtun ber þeim að **senda útfyllta vigtarnótu til viðkomandi hafnar** strax að vigtun lokinni.

5.4.2 Ökumaður flutningstækis

Í 10. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar segir að ökumaður flutningstækis er flytur afla frá skipshlið skuli kynna sér samsetningu **farmans** eins og kostur er **og gefa vigtarmanni upplýsingar um hann.**

Ökumanni er óheimill annar akstur með óveginn afla en stystu leið frá skipshlið að hafnarvog, að undanteknum þeim tilvikum þegar Fiskistofa hefur veitt undanþágu frá vigtun á hafnarvog, sbr. 2. mgr. 6. gr. laganna.

Svipað ákvæði er í 8. gr. vigrarreglugerðarinnar og segir þar að auki, að **ökumaður skuli gefa vigtarmanni upplýsingar um viðtakanda** afla.

Í 3. gr. reglugerðarinnar segir að ökumaður flutningstækis sem flytur afla skuli **fá afrit af vigtarnótu** og afhenda viðtakanda afla. Ökumanni er óheimilt að flytja afla fyrr en hann hefur **fengið vigtarnótu afhenta**.

5.4.3 Flutningafyrirtæki

51. gr. vigrarreglugerðarinnar segir að flutningafyrirtækjum sem annast flutning á afla á erlendan markað sé skylt að senda Fiskistofu farmskýrslur á því formi sem Fiskistofa óskar og eigi síðar en 24 klukkustundum eftir að flutningsfar lætur úr höfn.

5.4.4 Kaupandi afla

Í 12. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar segir að kaupandi afla skuli ganga úr skugga um að afli sem hann tekur við hafi verið veginn samkvæmt gildandi reglum um vigtun sjávarafla. Kaupandinn skal fylla út og skila skýrslum um ráðstöfun afla í því formi og með þeim hætti er ráðuneytið ákveður.

5.4.5 Vefur Fiskistofu

Í 47. gr. vigrarreglugerðar segir að vefsíða Fiskistofu skuli vera aðgengileg almenningi. Fiskistofa skal vikulega birta upplýsingar á vefsíðu sinni um meðalverð afla íslenskra skipa sem seldur hefur verið á erlendum mörkuðum eftir tegundum og stærðum.

Vakin er athygli á að þessi **upplýsingagjöf á vef byggist á upplýsingum frá starfsmönnum hafna**.

5.5 Ábyrgð vigtarmanna og hafnarsjóða, viðurlög

Í 28. gr. laga um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn nr. 91/2006 er fjallað um sviptingu löggildingar o.fl. Þar segir að **brot á reglum um starfsskyldur vigtarmanns séu grundvöllur tafarlausrar sviptingar réttinda löggilts vigtarmanns**. Hið sama eigi við um ásetningsbrot um fölsun vigtunarovottorða. Um málsmeðferð og úrskurð um sviptingu samkvæmt greininni skuli farið eftir ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Í 38. gr. laganna er ennfremur fjallað um afturköllun á löggildingu og annarri viðurkenningu. Þar segir að Neytendastofa skuli **afturkalla löggildingu og aðra viðurkenningu** sem hún veitir samkvæmt lögnum eða reglum settum samkvæmt þeim þegar sá sem hlotið hefur löggildingu eða viðurkenningu, eða aðili sem starfar á hans vegum, brjóti ákvæði laganna eða reglna settra samkvæmt þeim.

Í 2. mgr. 28. gr. laga nr. 91/2006 segir:

Nú er einstaklingur sviptur réttindum löggilts vigtarmanns vegna brota er varða við XVII. kafla almennra hegningarlaga og getur hann þá eigi setið námskeið að nýju og tekið próf fyrr en að tveimur árum liðnum frá dagsetningu úrskurðar um sviptingu réttindanna nema mál hans sé látið niður falla af hálfu saksóknara eða máli hans lokið með sátt eða dómi.

Í XIII. kafla reglugerðar um vigtun og skráningu sjávarafla nr. 224/2006 er mælt fyrir um viðurlög við brotum á reglugerðinni. Þar segir að brot varði viðurlögum samkvæmt VI. kafla laga um stjórn fiskveiða nr. 38/1990 (nú 116/2006) og IV. kafla laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Í 3. kafla hér að framan var fjallað um viðurlög skv. umræddum lögum og vísast til þess.

Framkvæmd laganna og beiting viðurlaga er í höndum Fiskistofu og eftirlitsmanna í hennar þjónustu. Í almennum athugasemdum frumvarps til laga um umgengni um nytjastofna sjávar sagði að mikilvægt nýmæli væri fólgið í tillögu um að skýrt verði kveðið á um viðbrögð stjórnvalda vegna brota á lögnum. M.a. væri gert ráð fyrir að aðili geti misst leyfi til vigtunar afla, standi hann ekki rétt að vigtun.

Skv. 23. og 24. gr. laganna geta brot gegn lögnum varðað sektum. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum. Sama gildir um tilraun til brots og hlutdeild í broti annarra.

Lögaðilar (hafnarsjóðir) geta borið hlutlæga ábyrgð á brotum starfsmanna sinna, sbr. 24. gr. laganna, en þar segir:

*Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 23. gr. má ákvarða lögaðila sekt **þótt sök verði ekki sönnuð** á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, **enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann**. Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.*

5.6 Umsagnir, eftirlit og ábyrgð á vigtun annarra

Vísað er til umfjöllunar um endurvigtunarleyfi og heimavigtunarleyfi hvað þetta varðar.

Í 11. gr. vigtarreglugerðarinnar er greint frá skilyrðum fyrir veitingu endurvigtunarleyfis. Aðili sem óskar eftir endurvigtunarleyfi skal senda skriflega umsókn til Fiskistofu og skal Fiskistofa taka ákvörðun um leyfisveitingu eftir að hafa **leitað álits viðkomandi hafnaryfirvalda**. Uppfylli umsækjandi kröfur sem gerðar eru til vigtunarleyfishafa skal Fiskistofa gefa út leyfi til endurvigtunar afla.

Heimavigtunarleyfi skal aðeins veitt að fenginni **jákvæðri umsögn hafnaryfirvalda** á viðkomandi löndunarstað, sbr. 19. gr. vigtarreglugerðarinnar, og með því skilyrði að **eftirlit hafnarinnar sé nægilegt**.

Fiskistofa skal tilkynna viðkomandi hafnaryfirvöldum um veitingu leyfa til endur- og heimavigtunar afla, sbr. 11. og 18. gr. reglugerðarinnar.

Leyfi fiskmarkaða til endur- eða heimavigtunar, eða til vigtunar eftir slægingu í landi, eru **háð sömu skilyrðum**.

Leyfi sjálfstæðra aðila til vigtunar er skilyrt og krefst **yfirlýsingar** hafnaryfirvalda um heimild umsækjanda til vigtunar **undir eftirliti og á ábyrgð viðkomandi hafnar**.

Í 62. gr. reglugerðar um vigtun og skráningu sjávarafila nr. 224/2006 segir að Fiskistofa geti, **að fenginni umsögn viðkomandi hafnarstjórnar**, veitt tímabundna undanþágu frá ákvæðum reglugerðarinnar um kröfur til vigtunarbúnaðar eða vigtarmanns, enda séu aðstæður þess eðlis að ekki sé unnt að vigta afla nema slík undanþága sé veitt, s.s. bilun í hafnarvog eða forföll löggilts vigtarmanns.

Í hnotskurn

Hafnir skulu uppfylla kröfur um aðstöðu til vigtunar sjávarafila og eftirlit skv. vigtarreglugerð.

Hafnaryfirvöld á hverjum löndunarstað skulu hafa umsjón með vigtun afla og söfnun upplýsinga um landaðan afla.

Hafnaryfirvöld skulu hafa umsjón með og bera ábyrgð á að þeim reglum sem settar hafa verið um vigtun á hverjum löndunarstað sé framfylgt.

Löggilding Neytendastofu er skilyrði fyrir starfsréttindum vigtarmanna.

Löggiltur vigtarmaður ber sjálfur ábyrgð á vigtun og að hún sé í samræmi við lög og reglur.

Starfsskyldur löggiltra hafnarvigtarmanna eru margvíslegar, en snúa einkum að vigtun afla í samræmi við reglur og rétta starfshætti, frágang á vigtarnótum, skráningu í aflaskráningarkerfi og upplýsingagjöf til Fiskistofu.

Hafnarvigtarmenn bera skyldu til að meta trúverðugleika aflaupplýsinga frá öðrum og til að sannreyna upplýsingagjöf viðskiptavina með beinni skoðun aflaúrtaks, ennfremur að upplýsa Fiskistofu um niðurstöður slíkrar skoðunar.

Starfsmönnum hafnaryfirvalda er heimill nauðsynlegur aðgangur að tilteknum stöðum í því skyni að vigta sjávarafila eða hafa eftirlit með vigtun hans.

Brot varða **vigtarmann** sviptingu réttinda og geta valdið sektum, jafnvel varðhaldi eða fangelsi.

Lögaðili (hafnarsjóður) getur borið **hlutlæga ábyrgð** á brotum starfsmanna sinna.